REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 86/1998, um Þróunarsamvinnustofnun Íslands.

1. gr.

Á eftir orðinu „þróunarlöndin“ í 2. málsl. 2. gr. reglugerðarinnar komi: tvíhliða og á fjölþjóðlegum vettvangi.

2. gr.

Á eftir orðinu „þróunarsamvinnumálum“ í fyrri málslið 4. gr. reglugerðarinnar komi: bæði á tvíhliða og marghliða grundvelli.

3. gr.

Eftirtaldar breytingar verði á 7. gr. reglugerðarinnar:

a. Í fyrri málslið greinarinnar falli brott orðliðurinn: þróunaraðstoðar.
b. Í stað orðsins „málsmeðferð“ í síðari málslið greinarinnar komi: stöðu.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er í samræmi við 9. gr. laga nr. 43/1981, um Þróunarsamvinnustofnun Íslands, öðlast gildi við birtingu.

Utanríkisráðuneytinu, 26. september 2005.

Davíð Oddsson.

Sigríður Snævarr.

13. september 2005 Nr. 892

REGLUR

um breytingu á reglum nr. 952/2002, um framhaldsnám við hugvísindadeild Háskóla Íslands.

1. gr.

Fjórði og fimmti málsliður 1. mgr. 14. gr. breytast og verða svohljóðandi: Umsóknirnar fara síðan til afgreiðslu í viðkomandi skor, og viðkomandi fagráði ef meistaranám er á hendi fleiri en einnar skorar. Skor eða fagráð getur lagt til við deildarráð að umsókn sé hafnað.

2. gr.

Aftan við upphafsmálslið 16. gr. kemur nýr málsliður svohljóðandi: Heimilt er þó að setja sérstakar reglur og kveða á í þeim um námsleiðir sem eru minnst 45 e.

3. gr.

Þá verða eftirtaldar breytingar á 105. gr. reglna nr. 458/2000, fyrir Háskóla Íslands, sbr. 5. gr. reglna nr. 532/2005:

1. Fyrsti málsliður 3. mgr. breytist og verður svohljóðandi: Til M.A.-prófs er að jafnaði krafist minnst 60 eininga.

2. Annar málsliður 4. mgr. breytist og verður svohljóðandi: Heimilt er í þeim reglum, að kveða á um námsleiðir sem skorir standa sameiginlega að, og námsleiðir, þar sem krafist er minnst 45 eininga til meistaraprófs.

4. gr.

Reglur þessar sem samþykktar hafa verið af deildarfundi í hugvísindadeild og hlotið staðfestingu háskólaráðs, sbr. 2. mgr. 13. gr. laga nr. 41/1999 um Háskóla Íslands og 67. og 68. gr. sameiginlegra reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 458/2000, öðlast þegar gildi.

Háskóla Íslands, 13. september 2005.

Kristín Ingólfsdóttir.

Þórður Kristinsson.

Nr. 893 14. september 2005

AUGLÝSING

um umferð í Reykhólahreppi.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fengnum tillögum hreppsnefndar Reykhólahrepps og vegamálastjóra hefur verið ákveðið:

Hámarkshraði innan þéttbýlis á Reykhólum skal vera 35 km/klst. Þó skal hámarkshraði á Karlseyjarvegi (606) annars vegar frá vegamótum Reykhólasveitarvegar (607) að nyrðri vegamótum Hellisbrautar og hins vegar frá vegamótum Suðurbrautar að stað á móts við lóðina nr. 7 við Suðurbraut vera 50 km/klst.

Setja ber upp viðeigandi umferðarmerki vegna ákvörðunar þessarar, sbr. 85. gr. umferðarlaga.

Ákvörðun þessi hefur þegar tekið gildi.

Lögreglustjórinn á Patreksfirði, 14. september 2005.

Þórólfur Halldórsson.

Nr. 894 26. september 2005

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um stjórn lögreglurannsókna og samvinnu lögreglustjóra við rannsókn opinberra mála nr. 396 27. júní 1997.

1. gr.

7. gr. breytist þannig:

a. 4. mgr. orðast svo:

Lögreglustjórinn í Reykjavík metur, að höfðu samráði við lögreglustjóra í umdæmi þar sem brot var framið, hvort nauðsynlegt sé að senda mann eða menn frá tæknideild til að aðstoða við vettvangsrannsókn, samkvæmt 4. mgr. 8. gr. lögreglulaga. Synjun lögreglustjórans í Reykjavík má skjóta til ríkislögreglustjóra.